

**6. fundur húsnaðisnefndar Langanesbyggðar, haldinn föstudaginn 22. júlí 2011 kl. 12:00 á skrifstofu Langanesbyggðar.**

Mætt voru : Guðjón Gamalielsson formaður, Steinunn Guðnadóttir, María Guðmundsdóttir, Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri og Helgi Mar Árnason sem ritaði fundargerð.

**DAGSKRÁ:**

**1. Húsnaðismál.**

Sveitarstjóri upplýsti að íbúð að Pálmholti 11 mun losna 1. ágúst, íbúð að Langholti 6 mun losna um miðjan ágúst og að Vesturvegur 10a er laus nú þegar. Íbúðirnar hafa verið auglýstar til leigu.

Ein umsókn hefur borist um íbúð. Sveitarstjóri mun auk þess sækja um allar ofangreindar íbúðir fyrir hönd sveitarfélagsins fyrir starfsmenn.

Samþykkt samhljóða að leigja sveitarfélaginu íbúðirnar, enda brýn þörf á að leysa húsnaðisvanda starfsmanna.

Steinunn Guðnadóttir situr nú fund húsnaðisnefndar í síðasta sinn, þar sem hún flytur nú búferlum úr Langanesbyggð. Eru henni þökkuð vel unnin störf í þágu nefndarinnar, sem og önnur störf fyrir hönd sveitarfélagsins, og henni óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi í framtíðinni.

Fundargerðin upplesin og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl.12:40.